

AUGLÝSING

um samþykkt deiliskipulags og breytingar á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt eftirtaldar þrjár deiliskipulagsáætlanir:

Móatún, Mosfellsdal.

Deiliskipulagið tekur til tæplega 3.900 m² lands þar sem nú stendur íbúðarhús. Landið er skilgreint sem ein lóð þar sem heimilt er að hafa íbúðarhús með einni íbúð, allt að tvær hæðir. Afmarkaður er byggingarreitur fyrir hugsanlegar viðbyggingar og bílskúr. Samþykkt í bæjarstjórn 29. nóvember 2006.

Miðhverfi Helgafellshverfis - Augað.

Skipulagssvæðið er um 13,4 ha að stærð, í miðri fyrirhugaðri Helgafellsbyggð. Skipulagið gerir ráð fyrir allt að 460 íbúðum í fjölbýlishúsum, auk skólastofnana og atvinnurekstrar á völdum stöðum.

Samþykkt í bæjarstjórn 13. desember 2006.

Tengivegur frá Álafossvegi upp í Helgafellshverfi.

Deiliskipulagið tekur til um 500 m kafla tengivegar frá Vesturlandsvegi inn í Helgafellshverfi og gerir grein fyrir legu vegarins í plani og hæð, svo og nauðsynlegum hávaðavörnum. Samþykkt í bæjarstjórn 13. desember 2006.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur ennfremur þann 29. nóvember í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi frá Reykjalundarvegi að Húsadal. Breytingin felst í því að landi/lóð Kvennabrekku við Engjaveg verði skipt upp í tvær einbýlislóðir, 1.830 m² og 1.900 m² að stærð.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og breyting á deiliskipulagi hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 m.s.b. mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 28. desember 2006,

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.